

## Fundargerð 7. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 14. október 2015

**Mættir:** Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Lóa Birna Birgisdóttir gjaldkeri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Pétur Einarsson, Ragnar Marteinsson, Eva Hannesdóttir, Emil Örn Harðarson mótastjóri og Jacky Jean Pellerin landsliðsþjálfari.

Einnig: Unnur Sædís Jónsdóttir sjúkraþjálfari vegna liðar nr. 1 og Ingi Þór Ágústsson vegna liðar nr. 2.

**Afboða, mæta ekki:** Elsa María Guðmundsdóttir, Richard Kristinsson, Jónas Tryggvason, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri

Fundur settur kl. 18:15

### 1. Leiðin til Ríó

#### a. Fagteymi SSÍ

- i. Landsliðsþjálfari Jacky Pellerin
- ii. Sjúkraþjálfari Unnur Sædís Jónsdóttir
- iii. Flokk/fararstjóri Magnús Tryggvason  
Að auki
- iv. Læknir úr fagteymi ÍSÍ
- v. Sálfræðingur úr fagteymi ÍSÍ verði kallaður til eftir þörfum

*Stjórn telur að tryggja verði með öllum tiltækum ráðum að sundfólkið fái þá þjónustu sem það þarf af hálfu fagteyma SSÍ og ÍSÍ*

*Staðfest*

#### b. Tillaga um að fagteymi verði í forsvari landsliða fram yfir ÓL

*Staðfest*

#### c. Tillaga um að sjúkraþjálfari SSÍ verði með viðveru einu sinni í mánuði frá október 2015 til júlí 2016. Einnig að gerður verði samningur við hana um að vera til taks á tímabilinu þurfi einstaklingur í landsliði tafarlausa þjónustu sjúkraþjálfara.

- i. Kostnaður við bráðaþjónustu er 60% af útseldum tíma að því gefnu að um íþróttaslys hafi verið að ræða. ÍSÍ endurgreiðir 40%
- ii. Sjúkraþjálfari er ábyrgur fyrir útfyllingu skýrslu ásamt landsliðsþjálfara

*Staðfest*

#### d. Tillaga um að fá lækni úr fagteymi ÍSÍ til að taka landsliðsfólk í sundi í heilbrigðissskoðun í aðdraganda stórmóta

*Staðfest*

#### e. Tillaga um að sálfræðingur ÍSÍ hitti alla mögulega ÓL fara í æfingabúðum innanlands í desember og fylgi málum eftir, eftir þörfum fram að ÓL

*Staðfest*

#### f. Sundfólk í ÓLverkefnum

- i. Anton Sveinn Mckee, Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir hafa náð lágmarkum á ÓL
- ii. Stefnt að því að vera með boðsundssveit í 4x100 metra fjórsundi kvenna og við það bætast tvær sundkonur við auk einnar til vara

*Staðfest*

#### g. Innlend verkefni og æfingabúðir innanlands

- i. ÍM 50 í apríl 2016 verður skylduverkefni ÓL fara
- ii. Æfingabúðir á Íslandi fyrir EM50 og ÓL hóp áætluð tímasetning 18. desember 2015 til 2. janúar 2016 verður skylduverkefni ÓL fara
- iii. Æfingabúðir í aðdraganda EM50 á Íslandi í vikunni fyrir EM í London er skylduverkefni EM og ÓL fara

## Fundargerð 7. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 14. október 2015

---

- iv. Kynningarmyndir og myndbönd ÓL hóps verða tekin upp í æfingabúðum innanlands. Skyldumæting ÓL fara

*Staðfest*

**Ragnar Marteinsson mætir á fundinn**

- h. Erlend verkefni og æfingabúðir erlendis
- i. EM 50 í maí 2016 verður skylduverkefni fyrir ÓL fara
  - ii. Mögulegar æfingabúðir í aðdraganda EM (erlendis eða innanlands) í vikunni fyrir EM er skylduverkefni EM og ÓL fara
  - iii. Æfingabúðir fyrir Ólympíuleika í Aruba frá 21.júlí og komið í Ólþorpið 3.ágúst 2016 er skylduverkefni ÓL fara

*Staðfest*

- i. Tæki og tól fyrir landslið SSÍ
- i. Tillaga um kaup á ferðaísbaði fyrir landslið SSÍ
  - ii. Tillaga um kaup á hitakápum fyrir landslið SSÍ

*Stjórn er áfram um að SSÍ eignist ofangreind tæki að því tilskyldu að þau verði fjármögnuð á annan hátt en í gegnum fjárhag SSÍ*

- iii. Ferðanuddbekkur fyrir sjúkrahjálfa

*Stjórn samþykkir að kaupa ferðanuddbekk. Sjúkrahjálfari sér um kaupin í samráði við gjaldkera*

### 2. Aga- og Siðamál

- a. Úrskurðir Aga- og siðanefndar
- i. Nefndin fékk til umfjöllunar kvörtun sundfólks um framkomu formanns í félagi þeirra

*Aga- og siðanefnd kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé ástæða til að nefndin hlutist til um þessi mál þar sem um innanfélagsmál sé að ræða og ástæðulaust að blanda SSÍ í þetta mál nema það þurfi að fá þriðja aðila til skipa sáttanefnd – formanni falið að tilkynna hlutaðeigandi niðurstöðuna*

- ii. Nefndin fékk til umfjöllunar kvörtun vegna framkomu dómara við sundmann á móti sl. vetur

*Aga- og siðanefnd kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé ástæða fyrir hana að hafast að þar sem Dómaranefnd SSÍ hefur uppi áætlanir að taka á samskiptamálum dómara við sundfólk – Formanni falið að kynna hlutaðeigandi niðurstöðuna*

- b. Erindi til Aga- og siðanefndar

*Stjórn hefur borist erindi vegna hegðunar sundmanns í landsliðsverkefni sumarið 2015.*

*Stjórn sendir erindið til Aga- og siðanefndar. Formanni falið að koma erindinu til nefndarinnar. Sundmanninum ásamt hjálfurum hans verður tilkynnt um erindið hið fyrsta. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna ÍSÍ um málið.*

**Ragnar Marteinsson og Unnur Sædís Jónsdóttir yfirgefa fundinn**

### 3. Fræðsla á vegum SSÍ

a. Ingi Þór Ágústsson fylgir eftir skýrslu um heimsóknir til félaga á landsbyggðinni Ingi Þór hefur hitt forsvarsfólk ýmissa félaga víða um landið og fundið fyrir þörf á aðstoð af hendi SSÍ fyrir þessi félög. Hann hefur áhuga á að halda því starfi áfram og fer ma til Húsavíkur fimmtudaginn 29.október

## Fundargerð 7. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 14. október 2015

---

b. Ingibjörg Kristinsdóttir segir frá Egilstaðaför

*Ferðin tókst vel, Ólafur Baldursson kom með dómaramámskeið, Ingibjörg Kristinsdóttir, Ingi Þór Ágústsson, Karen Sif Vilhjálmsdóttir og Kristinn Þórarinnsson sáu um fræðslu og aðstoð við sundfélög á Austfjörðum. Formaður, landsliðsþjálfari og mótastjóri munu heimsækja svæðið aftur*

c. Fræðsla framundan

*Staðan í fræðslumálum þjálfara í sundi er ekki góð. Nauðsynlegt að gera ráð fyrir samræmi við fræðslu ÍSÍ.*

*Stjórn samþykkir að fela Inga Þór Ágústssyni í samráði við fræðslunefnd að vinna að uppbyggingu á fræðslumálum fyrir þjálfara í sundi í samræmi við þær hugmyndir sem kynntar voru á fundinum. Ingi Þór skilar stjórn áfangaskýrslu um næstu áramót og gert ráð fyrir að fræðsla fyrir þjálfara í sundi verði komin á gott skrið fyrir næsta vor.*

*Einn úr fræðslunefnd SSÍ, einn úr stjórn SSÍ og landsliðsþjálfari meta starfandi þjálfara með það að markmiði að allir starfandi þjálfarar í sundi verði með tilskilin réttindi innan 5 ára. Staðfest*

#### 4. Samningur við Myrtha Pools

a. Lagt til að formanni verði falið að ganga frá samningi við Myrtha Pools hið fyrsta  
*Staðfest*

#### 5. Fundargerðir

a. Þinggerð 2015

*Staðfest og verður sett á heimasíðu SSÍ*

b. Fundargerð RIG 10.09.15

*Staðfest*

c. Fundargerð formannafundar 11.09.2015

i. Er í lokavinnslu og verður sett á vefinn að því loknu

*Staðfest*

d. 2.verkefnafundur 16.09.15

*Staðfest*

e. Fundargerð fræðslunefndar 21.09.15

*Staðfest*

f. Fundur með Afrekssjóði ÍSÍ 22.09.15 – formaður og varaformaður gera munnlega grein fyrir fundinum

*Framkvæmdastjóra og gjaldkera falið að ganga frá umsóknum í Afrekssjóð*

g. 3.verkefnafundur 23.09.15

*Staðfest*

h. Fundargerð landsliðsnefndar 26.09.15

*Staðfest*

i. Fundargerð dómarnefndar 29.09.15

*Staðfest*

j. 4.verkefnafundur 30.09.15

*Staðfest*

k. 5.verkefnafundur 07.10.15

*Staðfest*

l. Fundargerð framkvæmdaráðs 08.10.15

*Staðfest*

## Fundargerð 7. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 14. október 2015

Pétur Einarsson yfirgaf fundinn

### 6. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Aleksander Marciuk	Fjölnir	Breiðablik	01.09.2015	30.09.2015
Kristján Gylfi Þórisson	Fjölnis	Ægir	14.09.2015	13.10.2015
Hallgrímur Kjartansson	Stjarnan	Breiðablik	25.09.2015	24.10.2015
Helga Þöll Guðjónsdóttir	Stjarnan	Breiðablik	25.09.2015	24.10.2015
Kristján Ari Heimisson	Stjarnan	Breiðablik	25.09.2015	24.10.2015

### 7. Staðfesting meta

#### 50 metra laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
--------	-------	--------	-------	-------	---------

### 8. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
28.09.2015	AMÍ 2015	ÍRB/sr
<i>Mótastjóra falið að svara erindinu</i>		
08.10.2015	Fréttir af sundi í gegnum Sport.is	Móberg/af
<i>Formanni falið að svara erindinu og fylgja því eftir</i>		
14.10.2015	Drög að keppnisbanni frá ÍSÍ	ÍSÍ/óög
<i>Mótastjóra falið að kynna viðkomandi sundfélögum og deildum efni bréfsins og hvetja þau til að bæta úr í tíma</i>		

### 9. NSF/LEN/FINA mál

- NSF fundur í RIGA
- Fundur 208 hópsins og NSF
- NSF punktar um framtíð LEN
  - Punktar frá Erik van Heijningen
- LEN þing
  - Ræða forseta NSF á Lenþingi
  - Bréf forseta NSF til forseta LEN

*Stjórn SSÍ lýsir ánægju sinni að formaður SSÍ og framkvæmdastjóri NSF skuli leiða starf innan NSF sem miðar að betra jafnrétti kynjana, meira gagnsæi í störfum NSF, LEN og FINA og staðfestir stuðning sinn við störf NSF gagnvart LEN og FINA.*

### 10. RIG

- Handbók RIG
- Lögð fyrir*

### 11. ÍM25 í Hafnarfirði

- Mótstjórn
  - Mótastjóri, yfirdómari og Karl Klein
- Yfirdómarar
  - Enn óvíst
- Uppskeruhátíð
  - Mótastjóri og varaformaður koma málum af stað

### 12. Sjónvarp SSÍ

- Skipting verka
- Undirbúningur dagskrár

## Fundargerð 7. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 14. október 2015

---

*Möguleikar ræddir en ekkert ákveðið þar sem viðbrögð sundhreyfingarinnar hafa verið engin.*

### 13. Önnur mál

a. Dómaralisti 2015-2016

*Athugasemd gerð við listann þar sem það vantar nöfn einhverra nema inn á hann. Einnig vantar nöfn einhverra stjórnarmanna SSÍ á listann.*

b. Merkingar á ÓL sundfatnaði

*Ljóst að það þarf að láta aðra framleiðendur en Speedo vita um áætlanir okkar þannig að það verði samræmi í okkar liði á ÓL*

c. 70 ára afmæli SH

*Stjórn SSÍ sendir SH hamingjuóskir í tilefni dagsins og samþykkir að leggja til kr. 25.000 í minningarsjóð Guðmundar Ólafssonar*

d. Fjáröflunarnefnd SSÍ

*Stjórnarmaður Pétur Einarsson tekur að sér að setja saman fjáröflunarhóp SSÍ*

**Fundi slitið kl. 20:35**